



hallag@natmus.is

23.09.2002 10:17

To: Kristin.Jonsdottir@mrn.stjr.is  
Subject: Re: hallag@natmus.is

Blessuð og sæl

Ég man vel eftir því þegar við vorum að leggja Rauðsokkahreyfinguna niður og byrjað var að hreyfa við þessum möguleika - man sérstaklega eftir Gullu Teits nefna þetta með glampa í auga - jæja stelpur þá er ekkert eftir nema bjóða fram -

Svo var það þetta góða party heima hjá mér - eins og mig minni að þetta hafi verið á fyrsta maí - eða var það 17. júní. Allavega komu upp í Háagerði þar sem við Imba Ha. bjuggum þá Didda, Kristín Ástgeirs og Hjördís Hjartar (ég er ekki alveg viss hvort Gulla var kannske líka) og menn fór að sötra að því er mig minnir heimabruggað rósavín. Fjör færðist í leikinn og pólitíkin var mikið rædd - þetta endaði með því að gerð var ákveðin heitstrenging um tvennt, annars vegar að bjóða fram kvennalista við næstu borgarstjórnarkosningar og hins vegar að stela gosbrunninum úr tjörninni. Þegar leið fram á kvöldið lögðu þær Imba, Didda, Kristín og Hjördís upp í ferð til að framkvæma hið síðarnefnda. Ég var eftir heima enda með ung börn og þar að auki með gesti að austan (Ína og Lundi voru hjá mér) man líka að ég var hálfveginn að vera löglega afsökuð því að mér óaði hálfpartinn við þeim femíníska ofurkrafti sem nú virtist beinast að gosbrunninum (bara hormónar sagði Imba í timburmönnum daginn eftir)

Sem sagt, þær fóru í bæinn og rifu sig eitthvað úr fötum og óðu úti tjörnina. Didda var hruflluð á fótunum lengi á eftir. Ég man að Kristín hafði orðið fyrir aðkasti frá stöllum sínum vegna þess að hún hafði ekki kjark til að fara úti. Hjördís nefndi oft síðan þennan dæmalausa bleyðuskap.

En gosbrunnurinn reyndist fastur fyrir og er enn í tjörninni. Hitt ætlunarverkið gekk betur eins og menn vita.

Það eru mörg glimt frá þessum degi í hausnum á mér þó að ég muni varla nokkurn skapaðan hlut fyrir horn lengur. Þær hinar geta betur sagt frá þessu.

Ég man ekki til þess að ég eigi nein gögn lengur um þetta - a.m.k. er þá mjög djúpt á þeim. Hins vegar man ég að ég punktaði oft niður hjá mér á fundum á þessum tíma, t.d. á fundinum fræga í Norræna húsinu þegar Helga Sigurjóns var að kynna hugmyndirnar um kvennameningu.

Mikið lifandis ósköp var nú oft gaman þá!!!

- það er það reyndar enn, bara öðruvísi gaman -

bið þér og þínum blessunar

Halla

*Hallgrímur Guðlaugsson*